

Reykholahreppur auglýsir sumarstörf fyrir námsmenn, sumarið 2021

Sumarstarf fyrir námsmann í háskólanámi:

Reykholahreppur auglýsir eftir námsmanni í grunn- eða meistaranámi á háskólastigi til sumarvinnu. Um er að ræða ný og tímabundin verkefni sem byggja á samstarfsverkefni Vinnumálastofnunar og sveitarfélaga um störf fyrir námsmenn 18 ára og eldri. Námsmenn þurfa að vera á milli anna, þ.e. eru að koma úr námi og eru skráðir í nám í haust. Laun eru skv. kjarasamningi sambands íslenskra sveitarfélaga.

Starfið felur í sér stefnumótun í frístundastarfi barna og unglinga í sveitarfélaginu. Starfsmaður kemur að utanumhaldi sumarnámskeiða, stefnumótun um sumarvinnu ungmenna, tómstundastarfi unglinga og undirbúning á frístundastarfi næsta vetur.

Æskilegt að starfsmaður sé í námi við; Tómtunda- og félagsmálafræði, uppeldis- og menntunarfræði, félagsráðgjöf eða öðrum skyldum greinum.

Umsóknir með ferilsskrá berist á netfangið johanna@reykholar.is fyrir 16. maí.

Sumarstarf fyrir námsmann í framhaldsskóla:

Reykholahreppur auglýsir eftir námsmanni í framhaldsskólanámi. Um er að ræða ný og tímabundin verkefni sem byggja á samstarfsverkefni Vinnumálastofnunar og sveitarfélaga um störf fyrir námsmenn 18 ára og eldri. Námsmenn þurfa að vera á milli anna, þ.e. eru að koma úr námi og eru skráðir í nám í haust. Laun eru skv. kjarasamningi sambands íslenskra sveitarfélaga.

Starfið felur í sér aðkomu að frístundastarfi barna og unglinga í sveitarfélaginu. Starfsmaður hefur aðkomu að tómstundastarfi barna og unglinga.

Umsóknir með ferilsskrá berist á netfangið johanna@reykholar.is fyrir 16. maí.